



## Viðskiptalausnir

Einfalt er að lesa inn og skrá gengi gjaldmiðla.

Einnig hægt að lesa inn gengi beint frá Seðlabanka.

### Kerfið í hnotskurn

- Uppfyllir ströngustu öryggiskröfur bankanna
- Sjálfvirk afstemming bankareikninga
- Tímasparnaður og vinnuhagræðing
- Raunstaða allra bankareikninga á einum stað
- Rafrænt greiðslukerfi til banka

### Um Dynamics NAV

Microsoft Dynamics NAV er viðskiptahugbúnaður sem býður upp á samþætt bókhalds- og rekstrarkerfi (ERP). Dynamics NAV er ætlað minni og meðalstórum fyrirtækjum og sameinar fjármál, framleiðslu, viðskiptatengslakerfi, aðfangakeðju, greiningar og rafræn viðskipti við bókhaldskerfi.



# Bankasamskiptakerfi

## - traust og örugg samskipti

Með Bankasamskiptakerfi Wise eru fyrirtæki í öruggum samskiptum við sína viðskiptabanka. Kerfið fylgir samræmdum bankastaðli íslensku bankanna (IOBS) og uppfyllir ströngustu öryggisstaðla.

### Upphafsmýnd notanda – „Mitt hlutverk“

Hægt er að skilgreina „mitt hlutverk“ í NAV sem „Mitt hlutverk – Bankasamskiptakerfið“. Staða valinna gjaldmiðla og bankareikninga er sýnileg í hlutverkaglugganum, sem og útstandandi kröfur. Stillanlegt er hvaða bankareikningar og gjaldmiðlar eiga að sjást fyrir hvern og einn notanda. Fyrir þau fyrirtæki sem eru með fleiri en einn viðskiptabanka sparar þetta m.a. tímann sem tekur að skrá notandanafn, lykilorð og öryggisnúmer til þess að fá aðgang inn í marga vefbanka.

### Sjálfvirk afstemming

Bankahreyfingar eru lesnar á einfaldan hátt inn í kerfið og kerfið ber þær færslur sem búið er að bóka saman við bankahreyfingarnar og parar þær saman. Þetta getur sparað gríðarlegan tíma, samanborið við yfirstríkanir og merkingar á pappírskyfirlitum. Hægt er að skilgreina „þekktar færslur“ í kerfinu sem kerfið þekkir í síðan í banka-hreyfingunum sem getur sparað umtalsverðan tíma við innslátt.

### Örugg bankasamskipti

Í greiðsluhluta kerfisins eru greiðslur sendar á öruggan hátt til banka. Kerfið les svarskrá frá banka og sundurliðar bókun kostnaðar svo sem vaxta og seðilgjalda. Kerfið gefur möguleika á að senda móttakanda greiðslunnar kvittun í SMS eða tölvupósti.

### Viðskiptalausnir Wise

Viðskiptalausnir Wise eru þróaðar í Microsoft Dynamics NAV, einu mest selda bókhaldskerfi í heiminum í dag.

Lausnirnar bjóða upp á einfaldari samskipti við banka, birgja og hlutaðeigandi aðila og gefa góða yfirsýn yfir bókhald og rekstur í notendavænu vinnuumhverfi.

Hægt er að bæta við nýjum lausnum eftir því sem reksturinn stækkar.

